

Framboð til miðstjórnar - Kristinn Hugason, Garðabæ.

Ég býð mig hér með fram til setu í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins, ég hef verið virkur í flokksstarfinu um áratugaskeið, sótt landsfundi óslitið allan tímann og fylgt Sjálfstæðisflokknum að málum allt frá unga aldri. Hef verið virkur í starfinu hér í kjördæminu og forvera þess, fyrst í Kópavogi og svo í Garðabæ, allt frá því að ég flutti þangað 1996; setið í stjórn Sjálfstæðisfélags Garðabæjar, formaður þess um skeið, sit í fulltrúaráðinu í bænum, í kjördæmisráðinu og setið um árabíl í flokksráði. Ég hef verið um langt skeið stjórnarmaður í málefnanefndum, nú formaður allsherjar- og menntamálanefndar.

Þegar ég gerðist styrktarmaður árið 1995 fékk ég í hendur skírteini með svohljóðandi áletrun: „Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur þeirra sem vilja að á Íslandi sé frjálst þjóðfélag hagsæðar og menningar. Sjálfstæðisstefnan byggir á trú á getu, áræði, ábyrgð og reisu einstaklinganna. Sjálfstæðismenn eru umburðarlyndir gagnvart mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum. Þeir leggja áherslu á sameiginlega hagsmuni ólíkra þjóðfélagshópa og hafna þeirri skoðun að ríkisvaldið geti leyst öll vandamál. Kjölfesta sjálfstæðisstefnunnar er trúin á manninn.“

Fyrir þessum málstað vil ég berjast með auknum störfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og taka þátt í að móta öfluga sókn flokksins gagnvart þeim áskorunum sem framundan eru.